

Nd.

1100. Frumvarp til laga

um byggingu rafmagnsveitu frá Hafnarfirði til Keflavíkur og um Suðurnes og einnig frá Sogsvirkjuninni til kauptúna í Árnessýslu og til Þykkvabæjar.

(Eftir 3. umr. í Ed.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að koma upp á árinu 1945 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Hafnarfirði til Keflavíkur og Njarðvíkur, Grindavíkur, Gerða-, Miðnes- og Hafnahreppa og annast rekstur hennar fyrst um sinn. Einnig er ríkisstjórninni heimilt að koma upp á árinu 1945 eða 1946 rafveitu, aðalorkuveitu, frá Sogsvirkjuninni til Selfoss, Hveragerðis, Eyrarbakka og Stokkseyrar í Árnessýslu og Þykkvabæjar í Rangárvallasýslu svo og að annast rekstur þeirrar veitu fyrst um sinn.

Rekstur á raforkuveitum þessum getur ríkisstjórnin falið rafmagnseftirliti ríkisins eða öðrum opinberum aðila, bæjarfélagi eða hreppsfélagi.

2. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka allt að 6 millj. króna lán til framkvæmda þeirra, er um ræðir í 1. gr.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.